



Akureyri 1. júní 2022

Til skólastjórnenda leik- og grunnskóla

### Efni: Jafnrétti í skólastarfi – breytt tilhögun eftirlits

Vorið 2013 var í fyrsta skipti kallað eftir jafnréttisáætlunum frá grunnskólum og hefur það síðan verið gert reglulega. Jafnréttisstofa mun nú hætta þeirri innköllun en leik- og grunnskólar hafa samt enn ríkar lagaskyldur til að tryggja jafnrétti í skólastarfi og er mikilvægt að þeim skyldum sé sinnt.

Mennta- og barnamálaráðuneyti hefur það hlutverk að fylgjast með þróun jafnréttismála og að jafnréttis sé gætt í skóla- og uppeldisstarfi sem og á frístundaheimilum og í íþrótt- og tómstundastarfi. Innan ráðuneytisins er starfandi jafnréttisráðgjafi sem veitir jafnframt viðkomandi aðilum ráðgjöf í jafnréttismálum.

Allt frá því að fyrstu jafnréttislögin voru sett árið 1976 hefur íslenskum skólum verið skylt að fræða nemendur um jafnrétti kynjanna og að undirbúa stráka og stelpur til jafnrar þátttöku í fjölskyldu- og atvinnulífi. Með nýjum jafnréttislögum er engin breyting gerð þar á og skal flétta jafnréttismarkmið (þ.e. kynja- og jafnréttissjónarmið) inn í menntastefnur sveitarfélaganna og aðra áætlanagerð í skólastarfi.

Um menntun og skólastarf segir:

- Samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal á frístundaheimilum og í íþrótt- og tómstundastarfi.
- Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks.
- Öll kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.
- Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni.

- Gerðar skulu sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk og nemar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni.

Í lögum er sérstaklega kveðið á um bann við mismunun á grundvelli kyns (lög nr. 150/2020), kynþáttar og þjóðernisuppruna (lög nr. 85/2018) í skólum sem og á frístundaheimilum og í skipulögðu íþróttá og æskulýðsstarfi.

Starfsfólki grunn- og leikskóla sveitarfélaganna eru tryggð réttindi þau sem kveðið er á um í jafnréttislögum í áætlunum sveitarfélaganna um jafnréttismál (13. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála) og bera yfirstjórn sveitarfélags og skólastjórnendur ábyrgð á að framfylgja skyldum þar að lútandi eftir því sem við á.

Jafnréttisstofa vinnur nú að gerð fræðslumyndbands um jafnrétti í skólastarfi og sem fyrr veitir stofnunin ráðgjöf og leiðbeiningar, sjá nánar:

<https://www.jafnretti.is/is/samfelag-og-vinumarkadur/jafnretti-i-skolum/jafnretti-i-skolum>  
<https://www.jafnretti.is/static/files/Leidbeiningar/skyldur-skola.pdf>

Nánari upplýsingar veita Bryndís Elfa Valdemarsdóttir ([bryndis.e.valdemarsdottir@jafnretti.is](mailto:bryndis.e.valdemarsdottir@jafnretti.is)), sérfræðingur á Jafnréttisstofu og Ingibjörg Ólafsdóttir ([ingibjorg.olafsdottir@mrn.is](mailto:ingibjorg.olafsdottir@mrn.is)) sérfræðingur hjá mennta- og barnamálaráðuneyti.

Virðingarfyllst,



Katrín Björg Ríkarðsdóttir

framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu